

Hlaðbær-Colas hf.
Harpa Þrastardóttir
Gullhelli 1
221 Hafnarfirði

Reykjavík 2. júlí 2020
UST202003-124/gf
08.08.02

Varðar vettvangsferð (eftirlit) 2020 í færanlegri malbikunarstöð Hlaðbæjar-Colas – Amomatic á Ketilseyri við Dýrafjörð

Þann 23.6.2020 fór fram eftirlit í færanlegri malbikunarstöð Hlaðbæjar-Colas – Amomatic sem staðsett var á Ketilseyri við Dýrafjörð.


Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjórar ábendingar eru gerðar (sjá meðfylgjandi skýrslu).

Ekkert nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirliti en tvö eldri (2018) frávik eru enn opin. Unnið er eftir samþykktari úrbótaáætlun og skal úrbótum vera lokið fyrir 1. júní 2021.


Gottskálk Friðgeirsson

Virðingarfyllst,


Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA



Hlaðbær-Colas hf. Amomatic Færanleg malbikunarstöð

Dags eftirlits	23.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Hlaðbær-Colas hf. Amomatic	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Gullhella 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Harpa Þrastardóttir	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis	Hlynur Þór Hjaltason	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik fannst í eftirliti. Tvö eldri frávik (2018) eru enn opin og er unnið eftir útbótaáætlun.

Fjórar ábendingar voru gerðar. Uppfæra þarf áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, uppfæra köllunarskrá í viðbragðsáætlun stöðvarinnar, skila skal til Umhverfisstofnunar gögnum um olúgeyma sem rekstraraðili notar í starfsemi sinni og eins var bent á mikilvægi þess að skoða og yfirfara þakastur í hreinsivirki stöðvarinnar eftir flutninga stöðvarinnar á milli staða.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með færanlegri malbikunarstöð Hlaðbæ Colas - Amomatic. Stöðin er staðsett á Ketilseyri í Dýrafirði.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
 - uppfærsla á viðbragðsáætlun
 - frávik vegna skráninga á viðhaldi og eftirliti með rykhreinsibúnaði (úrbótaáætlun frá 23.1.2019)
 - frávik vegna krafna um mælingar í útblæstri (úrbótaáætlun frá 23.1.2019)
- Kröfur í starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
- Skoðun á vinnusvæðinu

Við eftirlitið voru Harpa Þrastardóttir og Hlynur Þór Hjaltason frá Hlaðbæ Colas hf. og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun. Rekstraraðili er með vottað umhverfisstjórnkerfi og úttektir vottunaraðila framkvæmdar í samræmi við það. Umhverfisstefna rekstraraðila er birt á heimasíðu fyrirtækisins.

Starfsleyfi þessarar færanlegu stöðvar (MHC Amomatic) var gefið út af heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis þann 10. apríl 2017 og gildir til 26. febrúar 2021. Starfsleyfið var fært yfir til Umhverfisstofnunar við tilkomu reglugerðar nr. 550/2018. Um átta mánuðir eru eftir af gildistíma starfsleyfisins en rekstraraðili sótti 25. nóvember sl. um nýtt starfsleyfi fyrir stöðina.

1. Í eftirliti síðasta árs var rekstraraðila bent á að endurskoða viðbragðsáætlun fyrir malbikunarstöðina. Þetta hefur verið gert. Árið 2018 komu fram tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi. Annars vegar vantar símælingu eða viðvörðunarbúnað í útstreymi lofts til þess að vara við því ef poki í hreinsivirki rifnar, hins vegar skal rekstraraðili halda skrá um eigið viðhald og eftirlit með rykhreinsibúnaði. Rekstraraðili setti fram tímasetta áætlun um úrbætur. Enn er úrbótum ekki lokið en ný áætlun hljóðar upp á að skráningar hefjist með nýjum tölvubúnaði sem kemur í stöðina þegar hún verður sett upp á Akureyri síðsumar. Rykmælingabúnaður hefur verið í prófun í KVM stöðinni á Gullhelli undanfarið. Hann hefur ekki reynt vel og því er enn leitað að búnaði fyrir rykmælingar sem fyrirhugað er að setja í allar færanlegu stöðvarnar (Ammann 1, Ammann 2, Marini og Amomatic) og því verði lokið fyrir 1. júní 2021. Bæði frávikin eru því enn opin.

2. Farið var yfir kröfur í starfsleyfi og kom fram að stöðuleyfi frá Ísafjarðarbæ fyrir staðsetningunni í Dýrafirði liggur fyrir. Við skoðun á „áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar“ óskaði eftirlitsaðili eftir að bætt væri inn texta í áætlun fyrir færanlegu stöðvarnar að áður en stöðuleyfið rennur út og lóðinni er skilað aftur til landeiganda þá fari fram mat á lóðinni með tilliti til mengunar í jarðvegi. Bent var á að nýta mætti leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðferð á menguðum jarðvegi. https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/urgangur/olimgangur/olimgangur_medferd_1998.pdf Við skoðun á viðbragðsáætlun stöðvarinnar benti eftirlitsaðili á, og kallaði eftir því, að köllunarskrá (mikilvæg símanúmer) í viðbragðsáætluninni væru yfirfarin með tilliti til staðsetningar stöðvarinnar og að símanúmer Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar vegna mengunaráhappa á landi og símanúmer Ísafjarðarhafnar vegna mengunar í sjó (flotgirðingar) yrði bætt í köllunarskrá viðbragðsáætlunarinnar.

Mæla á árlega ryk og brunagös í útblæstri. Síðasta mæling er frá 2018 og er ekki gerð athugasemd við það enda var stöðin í geymslu allt árið í fyrra. Niðurstöður mælinga frá 2018 komu vel út og er ekki gerð athugasemd við þær. Mæling í útblæstri stendur til núna á meðan stöðin er á Ketilseyri. Niðurstöður hávaðamælingar verða sendar fljótlega en þær fóru fram 23. júní sl.

Skráninga er krafist á viðhaldi, eftirliti og bilunum í mengunarvarnarbúnaði. Samþykkt úrbótaáætlun liggur fyrir og ekki farið nánar út í þessa kröfu hér.

Ekki er krafa um skil á grænu bókhaldi né útstreymisbókhaldi fyrir færarlegar malbikunarstöðvar.

Bent var á mikilvægi eftirlits og viðhalds á hreinsivirki færarlegra malbikunarstöðva. Gamlir pokar harðna og hætta er á því að pokar rifni eða skemmist við flutninga á malbikunarstöð á milli landshluta.

3. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Niðurstaða matsins árið 2019 var að stöðin fékk 15 stig (flokkur B) og skal fá árlegt eftirlit. Áhættumat er endurskoðað árlega að loknum eftirlitum ársins.

4. Í 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi er fjallað um eftirlitsskyldu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda varðandi eldsneytisgeyma og flutning olíu. Í samræmi við þær skyldur er sameiginlegt áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæðanna að skrá neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Eyðublaðið; 2020 Gagnasöfnun fyrir olíugeyma var afhent í eftirliti og óskað eftir að olíugeymar sem rekstraraðili notar í starfsemi sinni yrðu skráðir og útfylltu eyðublaði komið til Umhverfisstofnunar við fyrsta hentugleika.

5. Í skoðun á aðstöðunni í Dýrafirði, sem er malarnáma bænda á Ketilseyri, voru skoðir olíugeymar og efnishaugar. Bent var á að hafa góðar árekstrarvarnir við olíugeymana. Aðstaðan er ekki stór en vinna hefur gengið vel.

Ekkert frárennsli er frá stöðinni og engin rotþró. Þurrsalerni er í gámi fyrir starfsmenn og mótuneyti og svefnaðstaða er í vinnubúðum fjarri malbikunarstöðinni.

Malbikun á gólfi Dýrafjarðargangan stendur yfir og er langt komin. Öll umgengni var ásættanleg og ekki tilefni til athugasemda.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila var bent á að uppfæra áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og bæta við kafla um mat á lóð þegar stöðin er tekin saman til flutnings á nýja staðsetningu.

2. Rekstraraðila var bent á að uppfæra köllunarskrá í viðbragðsáætlun og miða þar við staðsetningu hverju sinni.


3. Rekstraraðila var bent á að fylla út og skila eyðublaði: 2020 Gagnasöfnun fyrir olíugeyma sem var afhent í eftirliti.

4. Bent var á mikilvægi eftirlits og viðhalds á hreinsivirki færarlegra malbikunarstöðva. Gamlir pokar harðna og hætta er á því að pokar rifni eða skemmist við flutninga á malbikunarstöð á milli landshluta.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.07.2020



Gottskálk Friðgeirsson